



Fundur GT Hreinsun Gísli Sveinbjörnsson vs. Hafnarfjarðabæjar Kristján Sturluson

Tilgangur fundar er að ósk Gísla frá GT Hreinsun. kt 651004-2090

1. Ræða kaup eða leigu á lóð að Koparhelli 1. 221 Hafnarfirði þar sem Steypustöðin Borg stóð.
 - a. Færa rekstur GT Hreinsunar og Bioenergi ehf yfir Koparhelli 1,
 - b. GT hreinsun er Jarðvinnu og flokkunar fyrirtæki sem snýr að því að nýta náttúruna sem best á hagkvæman og vistvænan hátt.
 - c. Endurvinnsla á jarðefnum samhliða efnissölu á vottuðum fyllingarefnum.
 - d. Ef Hafnarfjarðarbær gengi að þessu við okkur þá þyrfti ekki að fjarlægja efni og annað af lóðinni Koparhella 1. þar sem við myndum sjá um það.
 - e. Fjármögnun gæti verið með t.d. vistvænni olíu þar sem dóttur fyrirtæki GT hreinsunar er Bioenergi ehf. sem gæti lagt til græna olíu f. Lóð og Hafnarfjarðarbær gæti orðið fyrsta bæjarfélagið sem æki um á Grænni orku sem framleidd er í Hafnarfirði í úr repju. Olían er evrópuvottuð eftir staðli EN 14214 og unnin í samstarfi við orkustofnun. Verksmiðjan er í Helluhrauni og getur framleitt rúmlega milljón lítra á ári af Biodiesel.
2. Náma: í landi Hafnarfjarðar
 - a. Með opnun námu er ávinningur bæjarfélagsins sparnaður, aukin þjónusta og hagræðing fyrir íbúa sveitarfélagsins.
 - b. Með því að opna efnisnámu sem nú þegar er búið að samþykkja í Suðurhlíðum rétt fyrir ofan JVJ námuna gæti þessi þjónusta haft mikil áhrif á þjónustustig bæjarins.
 - c. Fram að þessu hafa jarðvinnufyrirtæki þurft að aka upp í Bolaöldur til losunar á jarðefnum þar sem ekkert losunar svæði er í Hafnarfirði. Jarðvinnufyrirtæki þurfa að aka í gegnum Hafnarfjörð - Garðabæ – Kópavog – Reykjavík og er þetta ca 45-50 km hringur. Þarna væri hægt að spara tugi milljóna á ári.

Annað, gætum hugsanlega nýtt þetta með öðrum sveitafélögum eða einkaaðilum sem að sjálfsögðu myndu síðan greiða fyrir þjónustuna.

Gísli Sveinbjörnsson

GT

Hreinsun ehf

S: 580-1600. .